



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Merkurnáma E57

27.06.2025

br. 16.04.2026



HMS Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Mótt.: 22. MAÍ 2026

Málnr.


202506028

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra þann 13.5.2026



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstjórnunum þann 26. maí 2026



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

112547-GRG-001-V04

HÖFUNDUR

MS

RÝNT

BRE/ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Staðhættir	4
3	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
3.2	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	5
3.3	Vatnaáætlun 2022-2027	6
3.4	Orkustefna til ársins 2025	7
3.5	Fornminjar	7
4	BREYTING AÐALSKIPULAGS	7
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	8
5.1	Valkostir	8
5.2	Umhverfispættir og áherslur	8
5.3	Mat á umhverfisáhrifum	10
5.3.1	Niðurstaða	12
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	12
6.1	Umsagnaraðilar	12
6.2	Skipulagsferli	12
6.3	Breyting að lokinni auglýsingu	13

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Landeigendur hafa óskað eftir aukinni heimild til efnistöku úr Merkurnámu E57. Fyrirhugað er að stækka núverandi efnistökusvæði E57 í Merkurhrauni úr 2 ha í allt að 14 ha og auka heildar efnistöku-magn upp í allt að 450.000 m³.

Lýsing skipulagsáforma var kynnt með fresti til athugasemda til og með 26. júní sl. Efni úr námunni verður nýtt til uppbyggingar á innviðum á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir að gengið verði frá austurhluta núverandi efnistökusvæðis áður en efnistaka hefst á nýja hlutanum.

Í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, liður 2.02 í 1. viðauka eru framkvæmdirnar, sem fyrirhuguð skipulagsbreyting nær til, tilkynningaskyldar. Fyrirspurn um matskyldu verður unnin og send til Skipulagsstofnunar.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti. Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með skipulagsskilmálum ásamt skipulagsuppdrætti.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Meiri efnistaka í Merkurnámu er m.a. ætluð til að styðja við framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, vegagerð á svæðinu auk annarrar uppbyggingar í Landsveit og efri hluta Rangárvalla. Náman er staðsett ofarlega í Landsveit og staðsetning því góð fyrir framkvæmdir á því svæði og á neðsta hluta virkjanasvæða Landsvirkjunar.

2.1 Staðhættir

Efnistökusvæðið er innan jarðarinnar Galtalækur 2 (L192113). Aðkoma að svæðinu er af Landvegi (26) sem skilgreindur er stofnvegur skv. vegaskrá Vegagerðarinnar og verður núverandi vegtenging nýtt áfram. Langt er síðan efnistaka hófst á svæðinu, í samræmi við heimildir aðalskipulags. Nokkru austan námunnar er frístundabyggð að Merkiholi og rétt neðan hennar er stakt sumarhús.

Svæðið er í hrauni, í yngri hluta svonefndra Tungnárhrauna sem runnu frá Veiðivatnasvæðinu, sum alla leið til sjávar við Eyrarbakka og Stokkseyri. Svæðið er í sandi orpnu hrauni, sem áður var gróið en var orðið blásið hraun á 19 öld. Engir þekktir gervígigar eða hrauntraðir eru í næsta nágrenni enda hefur hraunið mikið til tapað sérkennum sínum sem eldhraun, auk þess sem svæðinu hefur verið raskað með efnistöku. Náman er ofan hraunbrúnar, lítt sýnileg frá þjóðvegi en nokkuð áberandi úr lofti. Efni hefur lengi verið tekið úr námunni og er efnistaka nokkuð umfram heimildir aðalskipulags, bæði hvað varðar efnismagn og flatarmál svæðis.

Unnið hefur verið að uppgræðslu hraunsins í samvinnu landeigenda og Landgræðslunnar og svæðið að talsverðum hluta vaxið lúpinu.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna vistgerðirnar sanda- og vikravist og alaskalúpinu.

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri velsæld samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

3.2 Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028

Skipulagssvæðið er skilgreint sem efnistökusvæði E57 en er einnig á óbyggðu svæði.

Í kafla 2.4.1 Óbyggð svæði segir að óbyggð svæði, skv. 6.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, eru „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“. Hálendissvæði sveitarfélagsins eru að miklu leyti skilgreind sem óbyggð svæði, auk svæða í ofanverðri byggðinni, s.s. eyðibygðir í ofanverðri Landsveit og á Rangárvöllum. Eftirfarandi stefna er um **óbyggð svæði**:


- Stuðlað verði að verndun og endurheimt gróðurfars.
- Landeigendum verðu áfram tryggður nýtja- og beitarréttur á afréttum.
- Bæta öryggi íbúa og ferðamanna.
- Umferð um hálendissvæði verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða.

Í kafla 2.3.9 **Efnistöku- og efnislosunarsvæði** í gildandi aðalskipulagi er eftirfarandi stefna:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, þ.e.a.s. friðlýstum svæðum eða svæðum á náttúruminjasrá og hverfisverndarsvæðum.
- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi skv. lögum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum. Gert er ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni. Flestar námur í sveitarfélaginu eru nýttar til vegagerðar og eru þær í eða við núverandi vegstæði til að lágmarka umhverfisáhrif.

Námur verða einungis opnar á framkvæmdatíma og gengið frá þeim um leið og efnitöku lýkur. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi sbr. reglugerð 772/2012. Þegar efnistökusvæði er valið þarf að líta á jarðefni sem auðlind og nýta efnið til þess sem það er best til fallið.



MYND 1. Hluti Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028. Skipulagssvæðið er innan rauða hringins.

3.3 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar.

Við skipulagsgerð skal gera grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnshlot sem tiltekin framkvæmd og/eða starfsemi getur haft í för með sér. Skýrt þarf að koma fram hvort ástand vatns hnigni eða umhverfismarkmiðum vatnshlotsins sé ekki náð. Sveitarfélagið sem leyfisveitandi getur óskað eftir nákvæmu áhrifamati vatnshlots af hálfu framkvæmdar- og rekstraraðila sé þess talin þörf. Ekki er gefið út leyfi fyrir framkvæmd/starfsemi sem leiðir til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Gerð verður grein fyrir áhrifum á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun (Umhverfis- og Orkustofnun).

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Tungnaárhraun 103-308-G. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand en núverandi staða vatnshlots

er óþekkt. Nánar verður gerð grein fyrir áhrifum á vatnshlot í aðalskipulagsbreytingu og við matsfyrirspurn.

3.4 Orkustefna til ársins 2025

Orkustefna til ársins 2050 er langtímaorkustefna stjórnvalda þar sem sett er fram framtíðarsýn og leiðarljós í orkumálum á Íslandi. Tilgreind eru fimm meginstoðir orkustefnunnar: orkuöryggi, orkuskipti, orkunýting og sparnaður, samfélag og efnahagur og umhverfi. Um orkuöryggi segir m.a. að „Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öflugt framboð á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti fyrir heimili, grunnþjónustu og atvinnulíf, sem og að vernda innviði orkuviðnaðarins fyrir truflunum vegna náttúruvár, skemmdarverka eða af öðrum orsökum“. Orkustefna undirstrikar mikilvægi þess að sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda og að öll umhverfisáhrif eru lágmarkuð eins og kostur er. Efni úr námunni kemur til með að vera nýtt fyrir starfsemi og rekstur Landsvirkjunar sem miðar að endurbótum og eflingu raforkukerfi landsins.

3.5 Fornminjar

Aðalskráning fornminja í Rangárþing ytra er lokið. Engar þekktar fornleifar eru innan svæðisins. Svæðið var skoðað á fyrri stigum vinnslu af landeiganda ásamt fornleifafræðingi við aðalskráningum minja og þar fundust engar eldri minjar. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar eins fljótt og auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

4 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Gerð er breyting á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð gildandi aðalskipulags. Efnistökusvæðið E57 stækkar úr 2 ha í 13,9 ha og heimilað efnismagn er allt að 450.000 m³. Óbyggt svæði minnkar og verður 216,060,2 ha að stærð.

TAFLA 1. Texti í gildandi greinargerð aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028.

EFNISTÖKUSVÆÐI

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
E57	Merkurhraun	Bergnáma, unnir verða allt að 50.000 m ³ . Stærð er um 2 ha.	Galtalækur II

TAFLA 2. Texti í breyttri greinargerð aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028.

EFNISTÖKUSVÆÐI

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
E57	Merkurhraun	Bergnáma, unnir verða allt að 450.000 m ³ . Stærð er 13,9 ha. Gengið verður frá hluta núverandi efnistökusvæðis áður en efnistaka hefst á nýja hlutanum. Að efnistöku lokinni verður svæðið jafnað og aðlagð sem best aðsvæði umhverfis námu.	Galtalækur II

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar eru áhrif af skipulagsáformum metin. Hafa þarf í huga nákvæmni áætlunar og stöðu hennar á skipulagsstigi. Við breytingu aðalskipulags er óvíst að hægt sé að meta öll umhverfisáhrif með fullnægjandi hætti vegna skorts á fyrirliggjandi gögnum og/eða upplýsingum. Í slíkum tilfellum er nánar gert grein fyrir ákveðnum umhverfisþáttum á síðari stigum skipulagsvinnu, s.s. við gerð deiliskipulags eða umsókn um framkvæmdar- og/eða starfsleyfi eða við gerð matsfyrirspurnar vegna framkvæmdar.

5.1 Valkostir

Stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) verður borinn saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag.

Ekki hefur verið gerð úttekt á því hvar í sveitarfélaginu er að finna gott jarðefni til framkvæmda. Verið er að stækka núverandi efnistökusvæði Merkurnámu og var svæðið kortlagt með drónaflugi til að afmarka vænlegt og hagkvæmt vinnslusvæði. Svæðið er þegar raskað því þar hefur í mörg ár verið tekið efni, einkum til vegagerðar. Náman er skammt frá uppbyggðum vegi og mögulegum notkunarstað efni, en unnið er að endurbótum á efsta hluta Landvegar og í námunni og umhverfis hana er að finna heppilegt efni til vegagerðar. Svæðið er í nokkurri fjarlægð frá næstu bæjum sem sveitarfélagið telur að sé kostur. Vegna þessa þá er ekki talin ástæða til að skoða aðra mögulega valkosti fyrir efnistöku og stefna í breyttu skipulagi borin saman við stefnu í gildandi skipulagi.

5.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á umhverfisþætti og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir mögulegar meginspurningar í umhverfismatsskýrslu er að finna í töflu hér að neðan. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 3. Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag Ásýnd og sjónræn áhrif. Landnotkun.	Landsskipulagsstefna 2024-2038. <ul style="list-style-type: none">Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á landslagsheildir?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð viðerni og landslagsheildir. <p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla að fjölbreyttari landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands. Tryggja nægt framboð efnistökusvæða og þau séu í námund við notkunarstað efnis. Áhersla á góða umgengi á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok. Leitast verður við að viðhalda litt snortnu yfirbragði hálendisins. <p><i>61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.</i></p>	Hefur stefnan áhrif á landnotkun? Hefur stefnan áhrif á náttúruminjar.
Loftslagsmál <i>Kolefnisbinding. Kolefnishlutleysi.</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. <i>Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun og tryggja orkuöryggi.</i> <p><i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.</i></p>	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið?
Náttúrufar <i>Gróður. Vistkerfi. Jarðvegur. Búsvæði dýra.</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu viðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. <p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla að gróðurvernd og landgræðslu. Unnið verður að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða. Raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp. <p><i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i> <i>Vistgerðarkortlagning NÍ. Vistgerðarkortlagning NÍ.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði. 	Hefur stefnan áhrif á gróður, jarðveg og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Heilnæmt umhverfi <i>Mengun og hávaði. Vatnsvernd. Vatnshlot</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. <p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi. Landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Í námum innan friðlands, náttúruminjasrá, vatnsverndarsvæðum eða öðrum verndarsvæðum er óheimilt að geyma oliur eða önnur mengandi efni. <p><i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <p><i>Reglugerð um hávaða 724/2008.</i> <i>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.</i> <i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i></p>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?
Samfélag <i>Atvinnulíf. Íbúar. Hagræn áhrif.</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. <p><i>Aðalskipulag Rangárþing ytra 2016-2028.</i></p>	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á íbúa og íbúaþróun?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> Efla byggð og atvinnulíf og stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum. 	Hefur stefnan áhrif á framboð frístundabyggðar?
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i>	<i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla að varðveislu sögu, náttúru og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða. Landnotkun stuðli að varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu. <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i> <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i> <i>Aðalskráning fornminja.</i>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

5.3 Mat á umhverfisáhrifum

BREYTT SKIPULAG

Áhrif á land og landslag eru metin neikvæð. Stækkun efnistökusvæðis hefur áhrif á ásýnd, sérstaklega úr lofti en fremur lítil frá Landvegi, þar sem náman stendur nokkuð ofar en vegurinn. Efnistaka breytir náttúrulegu landslagi og ummerki um efnistöku geta varað lengi eftir að henni lýkur. Áhrif á land og landslag eru þó talin vera tímabundin og með skilmálum um uppgræðslu og landslagsmótun að efnistöku lokinni má lágmarka sjónræn áhrif.

Áhrif á loftslagsmál eru metin óviss/jákvæð. Erfitt er að segja með vissu hversu umfangsmikil áhrif á loftslagsmál eru vegna fyrirhugaðar stækkunar. Dregið getur úr náttúrulegri kolefnisbindingu vegna rask á jarðvegslögum og gróðurhulu. Útblástur getur aukist á meðan framkvæmdir standa, m.a. vegna flutnings efnis og notkunar á tækjum og búnaði sem ganga fyrir jarðefniseldsneyti. Hins vegar er áhersla lögð á að notkunarstaður efnis sé nálægt námunni til að draga úr áhrifum vegna flutnings á efni og með áframhaldandi efnistöku á svæðinu eru minni líkur á að ósnortin svæði verði tekin undir efnistöku vegna uppbyggingar á innviðum. Þá losnar ryk og annað efni, sem borist getur með vindi, þegar unnið er að losun efnis. Þegar efnistöku lýkur verður svæðið grætt upp aftur og gróðurhula og jarðvegur endurheimtur eins og kostur er.

Áhrif á náttúrufar eru metin neikvæð. Áframhaldandi efnistaka getur haft veruleg áhrif á náttúrufar svæðisins. Gróður- og jarðvegshula kemur til með að raskast. Hins vegar eru engar vistgerðir sem njóta verndar innan svæðis og hefur það þegar verið rofið að hluta. Ummerki um eldri uppgræðslu eru til staðar. Fuglalíf getur orðið fyrir áhrifum vegna eyðingar búsvæða og minnkaðs fæðuframboðs. Áhrif eru að hluta til tímabundin þar sem unnið verður að endurheimt vistkerfa og uppgræðslu svæðis og getur fuglalíf tekið við sér aftur þegar efnistöku er hætt. Sökum umfangs raskssvæðis er ekki talið líklegt að efnistaka hafi varanleg áhrif á svæðisbundna eða landlæga stofna fuglategunda. Áhrif á umhverfisþátt geta varið til lengri tíma og getur uppgræðsla krafist markvissra aðgerða, verið kostnaðarsöm og tímafrek.

Áhrif á heilnæmt umhverfi eru óveruleg. Byggð eru fjarri svæðinu og ólíklegt er að hún verði fyrir áhrifum vegna loftmengunar og hávaða. Frístundabyggð í landi Merkihvals er austan Landvegar og sú byggð sem er næst námunni. Ríflega 300 m eru í hana og um 1 km í það frístundahús sem er næst námunni. Ekki er talið að frístundabyggðin verði fyrir áhrifum vegna ryks eða hávaða, enda eru

norðaustlægar áttir ríkjandi svo hljóð og mögulegt ryk berst þá til suðvesturs. Þar er stakt sumarhús, í um 200m fjarlægð frá núverandi námu. Ekki hafa borist kvartanir vegna ryks.

Gætt verður að öryggi starfsmanna hvað varðar hljóðvist og almennt öryggi á svæðinu. Svæðið er ekki innan vatnsverndar og er ástand vatnshlots þess óþekkt. Ekki er talið líklegt að hætta stafi af mengun vegna efnistöku. Almennt eru fá tæki í gangi samtímis og engin mengandi efni verða geymd inn á svæðinu til lengri tíma. Sé farið eftir varúðarráðstöfunum er ekki talin hætta á að efnafræðilegt ástand vatnshlotsins spillist.

Umfang og eðli framkvæmdar er ekki talin líkleg til að valda því að vatnshlot nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Helsta hættan er ef til mengunar kemur s.s. vegna stórar vinnuvéla sem ganga fyrir olíu. Engar olíugeymslur né mannvirki verða á svæðinu og ekki verða geymd mengandi efni í námunni. Efnistökusvæðið er staðsett skammt frá grannsvæði vatnsverndar. Ólíklegt er að fyrirhuguð efnistaka hafi í för með sér mengun á því svæði. Efnistökusvæðið hefur verið í notkun um lengri tíma án þess að óhöpp hafi orðið hingað til. Við rekstur þess hefur ávallt verið gætt sérstakrar varúðar við meðhöndlun mögulega mengandi efna, svo sem olíu, bensíns og annarra efna sem geta haft áhrif á grunnvatn. Ekki er gert ráð fyrir geymslu slíkra efna innan efnistökusvæðisins. Með hliðsjón af framangreindu eru áhrif efnistöku á grannsvæði vatnsverndar talin óveruleg.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð/óviss. Með stefnunni eykst framboð á vinnanlegum jarðefnum á svæðinu, sem eru grundvöllur margra fyrirhugaðra framkvæmda til að efla innviði, svo sem virkjana, vega og annarra mannvirkja. Efnisvinnsla á svæðinu skapar atvinnu, styrkir efnahag og þróun byggðar.

Umferð að og frá námunni og um Landveg eykst eitthvað meðan á efnistöku stendur. Þó má búast við að efnistaka verði tímabundin yfir nokkur tímabil á hverju ári en ekki samfelld. Ekki er ljóst hversu mikil umferðin verður og áhrif vegna þess metin óviss. Efnistaka er forsenda þess að hægt sé að gera endurbætur á vegum og áhrifin í heildina litið því metin jákvæð.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er metin óveruleg. Fyrirhuguð efnistaka er úr Tungnaárhrauni sem er fremur umfangsmikið og þekur stóran hluta landsvæðis. Hraunið nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Hins vegar hefur hraunið innan svæðisins misst sérkenni sín sem eldhraun frá nútíma, svæðið hefur áður verið talsvert gróið en rof hefur valdið því að það er í dag sandblásið. Auk þess hefur efnistaka farið fram um langt árabil og er metið heppilegra að halda efnistöku áfram á sama stað fremur en raska lítt eða óröskuðu landi fyrir efnistöku á nýjum stað.

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins.

GILDANDI SKIPULAG

Áhrif á landnotkun, landslag, loftslagsmál, náttúrufer eru jákvæð/óveruleg. Svæðið heldur sér eins og það er í dag, fullnýtt skv. heimildum aðalskipulags. Mögulega yrði farið í frágang og uppgræðslu á svæðinu.

Áhrif á heilnæmt umhverfi og samfélag eru óveruleg. Engin breyting. Svæðið helst eins og það er.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg. Engin breyting.

5.3.1 Niðurstaða

Áhrif efnistökkunnar á land og landslag eru metin neikvæð. Í gildandi skipulagi eru skilmálar um góða umgengni og vandaðan frágang við verklok.

Áhrif á náttúruferli eru metin neikvæð því gróður og jarðvegshula kemur til með að raskast. Settir eru skilmálar um að gengið verði frá svæðinu til fyrra horfs og í samræmi við svæðið umhverfis.

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni og telur hana vænlegan kost til áframhaldandi efnistöku og að settir hafi verið skilmálar til að minnka möguleg neikvæð áhrif. Sveitarfélagið telur ekki þörf á frekari mótvægisáðgerðum.

Með því að stækka núverandi efnistökusvæði dregur það úr þörf fyrir að önnur, jafnvel ósnortin svæði verði tekin undir efnistöku. Mikil eftirspurn er eftir efni vegna uppbyggingar á innviðum og oft er erfitt að finna gott jarðefni til þess. Svæðið er vel staðsett hvað varðar fjarlægð frá neðri hluta virkjanasvæða Landsvirkjunar og alltaf er talsverð eftirspurn eftir efni til vegaframkvæmda. Svæðið hefur þegar verið raskað og hraunið hefur að miklu leyti tapað verndargildi sínu sem eldhraun.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í júní 2025. Umsagnir bárust frá Mílu, Veitum, Vegagerðinni, Náttúruverndarstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Tillaga var auglýst til 21 nóvember, og endurauglýst frá 6. janúar til 17. febrúar og bárust umsagnir og athugasemdir frá 5 aðilum.

6.1 Umsagnaraðilar

Óskað var eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Náttúruverndarstofnun
- Umhverfis- og Orkustofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

6.2 Skipulagsferli

Skipulagslýsing var kynnt í júní 2025, aðalskipulagsbreyting auglýst haustið 2025 og staðfest vorið 2026.


6.3 Breyting að lokinni auglýsingu

Aðalskipulagsbreyting var auglýst auglýst frá 09.10.2025 – 21.11.2025. Aðalskipulagsbreyting var endurauglýst vegna mistaka í auglýsingaferli. 6.01.2026-17.02.2026. Breytingar voru gerðar á tillögu m.t.t umsagna/athugasemda sem bárust.


Gerðar voru breytingar á umhverfismatskýrslu. Bætt var við umfjöllun um fuglalíf og áhrif á vatnshlot og vatnsverndarsvæði.

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Breyting aðalskipulags - Merkurnáma




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Fristundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Óbyggð svæði
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Vatnsból
- Hverfisvernd
- Varúðarsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Þéttbýlismörk
- Stofnvegur/stofnbraut
- Tengivegur/tengibraut
- Gönguleið
- Reiðleið
- R Rafveita, loftlína
- R Rafveita, jarðstrengur
- Sveitarfélagmörk



Breyting - aðalskipulags
Merkurnáma

Verk: 112547
Unnið: GAL

Blaðstærð: A4
Rýnt: MS

Mælikvarði: 1:50.000

Dags: 27.06.2025